

2. bekkur

„*Leynistaður*“ annars bekkjar er **Valhúsa**hæð. Við teljum Valhúsa-hæðina hentugan stað sem hefur upp á margt að bjóða og er ekki of langt frá skólanum. Það er mikilvægt að yngstu bekkirnir þurfi ekki að fara langar leiðir yfir vetrartímann og það eykur möguleika á útimiðaðri kennslu.

Á sama hátt og í 1. bekk eru forhugmyndir barnanna kannaðar. Flest af því sem börnin lærðu í fyrsta bekk um „*Leynistaðinn*“ sinn fer inní reynslubankann og hjálpar til við undirbúning fyrir nýjan stað. Spurningar vakna og efni í verkefni verður til.

- Hvað er hægt að gera á hæðinni?
- Hvernig er náttúran/gróðurinn?
- Hvaða dýr finnum við?
- Hvað sjáum við svona hátt uppi?
- Er Valhúsa-hæðin fjall?
- Hvaða fjöll sjáum við?



Haust á Valhúsa-hæðinni

Við undirbúum fyrstu vettvangsferðina á „*Leynistaðinn*“. Börnin fá fræðslu um sögu hæðarinnar. Við ætlum í ferðum okkar að skoða minjar hernámsáranna sem eru á Valhúsa-hæðinni. Í öðrum bekk ætlum við að útbúa tvö göngukort á „*Leynistaðinn*“ og bera leiðirnar saman .

- Hvor leiðin er lengri, tókum tímann.
- Hvor leiðin er skemmtilegri?
- Getum við átt eina haustleið og eina vorleið?

- Hvor leiðin er gróðursælli?
- Hvað ber að varast á leiðinni?
- Er meiri umferð á annarri hvorri leiðinni?

Á vegi okkar er listaverkið „Amlóði“ eftir Magnús Tómasson. Þetta er gríðarlega stór og mikill steinn á háum stólpum sem hægt er að fara undir og nota sem helli í eltingaleik, sá sem er úr fer inn í hellinn. Á þessari leið er einnig listaverkið „Trúarbrögðin“ eftir Ásmund Sveinsson. Hægt er að rifja upp spjall síðan í fyrsta bekk þ.e. hvað er listamaður, hvað hann gerir o.s.frv.



Börnin fara upp að útsýnisskífunni. Allir fá sinn tíma þar og skoða sjóndeildarhringinn sem er mjög fjölbreyttur. Lögð er áhersla á bæinn sjálfan. Hvað þekkja börnin af því sem þau sjá, bæði byggingar bæjarins og náttúruna.



Einnig er lögð áhersla á fjöllin allt í kring.

Finnum fjallið sem er í laginu eins og þríhyrningur, er einhver sem þekkir það? Hvaða fjöll þekkja þau? Sjáum við einhverja fugla fljúga saman í hópum? Hvert ætli þeir séu að fara?

Leikur: Búum til fjallgarð með því að haldast í hendur.

Tilraunir: Tilraunir með laufblöð.



Vetur á Valhúsaæð

Við veljum okkur gönguleið. Fylgjumst með breytingum í náttúrunni.

- Hvernig eru fjöllin, er kominn snjór í þau?
- Berum fjöllin saman hvar er mestur snjór?
- Hvers vegna er ekki jafnmikill snjór í öllum fjöllum?
- Hvers vegna er meiri snjór í fjöllum heldur en á skólalóðinni?
- Er sama hitastig uppi á Valhúsaæð og er við skólann okkar?
- Hvað veldur þessum mun?
- Tökum með okkur korn fyrir fuglana.

Við förum eina ferð í myrkri til að upplifa muninn á því að sjá útsýnið og svo að sjá eingöngu ljósin í bæ og borg. Þá ræðum við um rafmagnið. Hvaðan kemur það? Kostar eitthvað að kveikja ljós? Í myrkrinu er hægt að fara í draugaleik og semja draugasögu þegar við komum aftur upp í skóla.

Leikir: Leggjumst niður í snjóinn og hlustum, hvað heyrum við?

Tilraunir: Munur á ljós og myrkri.

Vor á Valhúsa-hæð:

Um voríð er lögð áhersla á gróðurinn og fuglalífið í náttúrunni .

- Er snjórinn farinn úr fjöllumunum?
- Hvers vegna er eingöngu lággróður á hæðinni?
- Hvers vegna er ekki allt skógivaxið?
- Hvers vegna eru allir þessir steinar?
- Hvers vegna vex gróðurinn upp við steinana?
- Hvaða fugla sjáum við?
- Verpa fuglarnir á Valhúsa-hæð?

Við förum í ferð með nesti. Förum í leiki o.fl.

Þjóðum vinabekknunum í eina vorferð. Fyrir þá ferð erum við búin að undirbúa ratleik.

Um voríð er foreldrum boðið að kynna „*Leynistaðnum*“.

